

Fimmtudaginn 8. október 1998.

Nr. 386/1997.

**Búnaðarbanki Íslands
vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins**

(Gunnar Jónsson hrl.)

gegn

**Árna Gíslasyni
Erlendi Helga Árnasyni
Guðrúnu Eyhildi Árnadóttur og
Sveini Árnasyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skaðabótamál. Galli. Hönnun. Kröfugerð. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 24. september 1997. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og verði þau dæmd til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Óumdeilt er, að burðarþols-teikningar að viðbyggingu gripahúss að Eyhildarholti, sem stefndu fengu hjá Byggingarstofnun landbúnaðarins, fullnægðu ekki aðstæðum, þar sem viðbyggingunni var valinn staður. Byggingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hafði farið á staðinn á árinu 1983, þegar fyrst var hugað að því að byggja við gripahúsið, og var með í ráðum, þar á meðal um staðsetningu. Gerði hann afstöðu- og útlits-teikningar að viðbyggingunni. Verkfræðingur byggingarstofnunarinnar, sem gerði burðarþolsteikningar, fór ekki á staðinn eða kynnti sér aðstæður sérstaklega. Fyrir liggur, að í upphafi framkvæmda var oftast en einu sinni haft samband við hann af hálfu húsasmíðameistara byggingarinnar og byggingarfulltrúa Skagafjarðarsýslu. Er ómótmælt, að þeir lýstu áhyggjum sínum vegna ástands grunnsins, sem þeir töldu varhugavert og gæfi þeim ástæðu til að ráðfæra sig

við hönnuðinn. Af þessu tilefni var þó ekkert frekar aðhafst, og héldu framkvæmdir áfram í samræmi við teikningar.

Áfrýjandi heldur því fram, að burðarþolsteikningarnar hafi verið staðalteikningar, sem ekki hafi byggst á rannsókn á staðháttum, og hafi verið við það miðað, að jarðvegur væri nægilega traustur fyrir húsið. Væri ætlast til, að þeir, sem völdu staðinn og ynnu verkið, hefðu næga þekkingu til að meta þetta. Þá heldur hann því fram, að byggingarfulltrúi Skagafjarðarsýslu og húsasmíðameistarinn hafi í samtölum sínum við hönnuðinn ekki gefið fullnægjandi upplýsingar um ástand í grunni byggingarinnar. Hafi það verið á þeirra ábyrgð, að framkvæmdum var haldið áfram.

Byggingarstofnun landbúnaðarins starfaði undir stjórn Stofnlána-deildar landbúnaðarins samkvæmt 63. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Var það meðal annars hlutverk hennar samkvæmt 67. gr. laganna að sjá bændum fyrir hentugum teikningum að mannvirkjum og húsum til sveita og samþykkja uppdrætti að mannvirkjum, sem stofnlánadeild veitti lán til. Skyldi það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að forstöðumaður samþykkti uppdrætti. Þegar stefndu sóttu um lán til áfrýjanda árið 1987, var þeim gefið lánsloforð með því skilyrði, að gerð byggingar yrði í samræmi við kröfur Byggingarstofnunar landbúnaðarins, enda væru uppdrættir samþykktir eða gerðir af henni. Samkvæmt 68. gr. ofangreindra laga var stofnuninni heimilt að selja þjónustu sína við sanngjörnu verði. Kostnaður af rekstri hennar skyldi annars greiddur af stofnlánadeild, sbr. 70. gr. laganna, en samkvæmt 4. gr. þeirra fékk deildin meðal annars tekjur af gjöldum á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins.

Teikningar þær, sem stefndu fengu frá Byggingarstofnun landbúnaðarins, voru merktar Eyhildarholti, Rípurhreppi. Ekki var ritaður á þær áskilnaður um breytingar vegna staðhátta eða þess getið, að um staðalteikningar væri að ræða. Sem fyrr segir, komu upp efasemdir, meðan á framkvæmdum stóð, um burðarþol, sem bornar voru margoft upp við þann starfsmann stofnunarinnar, sem gerði burðarþolsteikningar. Ekki er fullt samræmi í frásögnum um það, hvað mönnum fór þá á milli. Engu að síður verður að telja sýnt fram á, að þessi samtöl hafi gefið ofangreindum sérfræðingi fullt tilfni til frekari athugunar eða aðgerða. Megi ætla, að hann hefði séð,

ef hann hefði komið á staðinn, að teikningarnar fullnægðu ekki aðstæðum, og þá gert viðeigandi ráðstafanir. Þegar á þetta er litið og jafnframt haft í huga hið lögfesta hlutverk Byggingarstofnunar landbúnaðarins á þessu sviði, verður að telja, að stefndu hafi við svo búið mátt treysta því, að teikningar og ráðgjöf sérfræðings stofnunarinnar væru fullnægjandi. Er á það fallist með héraðsdómi, að hér skipti ekki máli, að gjaldtaka fyrir teikningar var væg. Samkvæmt þessu verður að leggja ábyrgð á áfrýjanda vegna tjóns stefndu, sem óumdeilanlega verður rakið til ófullnægjandi burðarþols miðað við aðstæður. Um hugsanlega ábyrgð annarra verður ekki fjallað í máli þessu, og ekki þykir það varða frávísun málsins frá héraðsdómi ex officio, þótt stefndu hafi ekki látið reyna á ábyrgð þeirra í málinu.

Endanleg kröfugerð stefndu er reist á yfirmatsgerð þriggja dómkvaddra manna frá 4. október 1996. Kostnaðarmat hennar er miðað við niðurrif viðbyggingarinnar og endurbyggingu hússins með steiptum staurum sem undirstöðum. Verður að telja óvíst, að ráðist hefði verið í svo viðamikla framkvæmd, ef aðstæður hefðu verið þekktar í upphafi. Matsgerð þessi var lögð fram í þinghaldi 15. janúar 1997 við rekstur málsins í héraði, og var kröfugerðinni breytt í samræmi við hana 10. febrúar 1997. Í þinghaldi 29. maí 1997 var bókað, að af hálfu áfrýjanda væri fallið frá varakröfu, sem hann hafði haft uppi í greinargerð, um verulega lækkun á stefnukröfum. Jafnframt var bókað, að ekki væri tölulegur ágreiningur um yfirmatsgerð. Héraðsdómur taldi samkvæmt þessu, að bótakrafa stefndu væri óumdeild að þessu leyti, og tók hana til greina.

Að framangreindu athuguðu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest, þó þannig, að rétt þykir, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, að miða upphafstíma dráttarvaxta við breytingu á kröfugerð 10. febrúar 1997. Verða vextir dæmdir, eins og nánar segir í dómsorði.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Eftir atvikum og þegar litið er til þess, sem áður er að vikið um kröfugerð aðila, þykir rétt, að málkostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnað stefndu skal greiða eins og mælt er um í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, greiði stefndu, Árna Gíslasyni, Erlendi Helga Árnasyni, Guðrúnu Eyhildi Árnadóttur og Sveini Árnasyni, 8.900.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. júní 1996 til 10. febrúar 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknar- og málskostnaðarákvæði héraðsdóms eru staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns þeirra, 400.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað af Árna Gíslasyni, kt. 210130-7219, Eyhildarholti, Rípurhreppi, Skagafirði, Erlendi Helga Árnasyni, kt. 040863-4519, sama stað, Guðrúnu Eyhildi Árnadóttur, kt. 020768-4289, sama stað, og Sveini Árnasyni, kt. 230359-7929, Skógargötu 16, Sauðárkróki, gegn Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, kt. 491079-0299, Laugavegi 120, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. júní 1996, en málið var þingfest sama dag.

Málsóknin beindist í upphafi einnig gegn íslenska ríkinu, en í þinghaldi 26. febrúar sl. féllu stefnendur frá kröfum á hendur því. Úrskurður var kveðinn upp 27. sama mánaðar í tilefni ágreinings um málskostnað. Með úrskurðinum var kveðið á um niðurfellingu málsins gegn íslenska ríkinu samkvæmt c-lið 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og var stefnendum gert að greiða íslenska ríkinu 40.000 krónur í málskostnað.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi, Búnaðarbanki Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, verði dæmdur til að greiða stefnendum 8.900.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 27. júní 1996 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt mati dómsins í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu og í samræmi við

fram lagðan málskostnaðarreikning. Þess er enn fremur krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól fjárkröfu og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. júní 1997 og svo árlega þann dag.

Af hálfu stefnda, Búnaðarbanka Íslands, er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þau verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti.

Málavextir og ágreiningsefni.

Stefnendur eru eigendur félagsbúsins að Eyhildarholti í Rípurhreppi í Skagafirði. Á árunum 1986–1987 létu þeir reisa viðbyggingu við fjós búsins. Mál þetta er höfðað vegna galla á viðbyggingu fjóssins, sem eiga rætur að rekja til sigs.

7. ágúst 1986 sóttu stefnendur um leyfi til byggingarnefndar Rípurhrepps til að reisa umrædda viðbyggingu. Þá lágu fyrir aðaluppdrættir, þ. e. afstöðu- og útlitsteikningar svo og grunnmynd Magnúsar Sigsteinssonar hjá Búnaðarfélagi Íslands, en þær eru dagsettar 29. júlí það ár. Um var að ræða stækkun á fjósi ásamt haughúsi og mjólkurhúsi. Í september sama ár var gerður burðarþólsuppdráttur af Sigurði Sigvaldasyni verkfræðingi, sem starfaði á þeim tíma hjá Byggingarstofnun landbúnaðarins. 10. september 1986 var umsóknin samþykkt af byggingarnefnd, og hófust framkvæmdir um svipað leyti. Húsasmíðameistari verksins var Ólafur Þorbergsson. Haughúsið var steypt upp árið 1986, en fjósviðbygging og mjólkurhús árið 1987. Byggingarfulltrúi tók húsið út á mismunandi byggingarstigi samkvæmt byggingarvottorðum, dagsettum 21. apríl 1987, 1. október sama ár og 10. nóvember sama ár, á dskj. nr. 15.

Stefnendur sóttu um lán vegna framkvæmdanna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en umsóknarinnar var synjað með bréfi, dagsettu 24. október 1986. Með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1986, óskuðu stefnendur eftir því, að stofnlánadeildin endurskoðaði afstöðu sína, og var stefnendum tilkynnt, að þeim yrði veitt lán, með bréfi stofnlánadeildar, dagsettu 22. apríl 1987. Það skilyrði var sett fyrir lánveitingunni, að gerð byggingarinnar yrði í samræmi við kröfur Byggingarstofnunar landbúnaðarins, enda væru uppdrættir samþykktir eða gerðir af henni.

Árið 1988 komu fram sprungur í veggjum fjóssins vegna sigs. Í samráði við burðarþólshönnuð voru reknir naglar í suðurvegg beggja vegna sprungu og fjarlægð mæld milli þeirra til að fylgjast með breytingum á sprungunni. Fyrsta mæling var gerð 1. maí 1988, og síðan var mælt tvisvar á ári, og sá Ingvar Gýgjar Jónsson byggingarfulltrúi um mælingar. Einnig var fylgst með sprungu á norðurvegg, og fór hún stækkandi. Vorið 1990 var mældur

halli á gólfi fjóssins, og var hann 9 cm á 12 metrum. Ekki er um það deilt í málinu, að sig hefur valdið þessum sprungum og hallanum á gólfinu.

Með bréfi stefnanda Árna Gíslasonar 18. maí 1990 til Gunnars M. Jónasonar, forstöðumanns Byggingarstofnunar landbúnaðarins, var óskað eftir því, að menn frá stofnuninni kæmu á staðinn, könnuðu aðstæður og legðu á ráð um, hvað gera mætti til að koma í veg fyrir frekara tjón. Í svarbréfi Gunnars frá 14. september 1990 kemur fram, að hann teldi allt benda til þess, að sig væri að hætta, en sig stafaði eflaust af því, að undirstaða hefði ekki reynst eins og henni hefði verið lýst fyrir þeim, sem hannaði burðarvirkið. Af hálfu byggingarstofnunar hefði verið fylgst með þeim vanda, sem upp var kominn, en ekkert yrði frekar aðhafst af hennar hálfu, þar sem hún hefði verið lögð niður. Með lögum nr. 41/1990 um Búnaðarmálasjóð, sem tóku gildi 1. september 1990, var felldur úr gildi kaflinn um Byggingarstofnun landbúnaðarins í lögum nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám og ræktun og byggingar í sveitum.

Á fundi byggingar- og skipulagsnefndar Rípurhrepps 15. júlí 1991 var bókað, að hönnuðir byggingarinnar í Eyhildarholti hefðu komið á staðinn, en ekki gert formlegar tillögur til úrbóta. Taldi nefndin nauðsynlegt, að það yrði gert sem allra fyrst. Málið var einnig tekið fyrir á fundi svæðisskipulags- og byggingarnefndar vesturhluta Skagafjarðar 16. febrúar 1993, sbr. dskj. nr. 22. Skoraði nefndin á hönnuði byggingarinnar að gera tillögur til úrbóta hið allra fyrsta, og var bókunin send hönnuðum og Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. júní 1993 lýsti stefnandi Árni Gíslason því í bréfi til Leifs Kr. Jóhannessonar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að hann teldi eðlilegt, að stofnlánadeildin kæmi að málinu, þar sem Byggingarstofnun landbúnaðarins hefði heyrt undir hana. Áður en bréfi þessu var svarað, var haldinn fundur 17. september 1993 í byggingar- og skipulagsnefnd Vestur-Skagafjarðar, sbr. dskj. nr. 25. Fundinn sóttu stefnendur Árni Gíslason og Erlendur Helgi Árnason og enn fremur Magnús Sigsteinsson og Sigurður Sigvaldason. Fjósíð var skoðað, gerðar mælingar á sigi og rætt um úrbætur. Í kjölfar þessa fundar tóku Magnús og Sigurður saman greinargerð um málið, og er hún dagsett 5. desember 1993. Í henni kemur m. a. fram, að Magnús Sigsteinsson hafi litið á aðstæður á staðnum, áður en teikningar voru gerðar. Hönnuður burðarþols hafi hins vegar ekki komið á staðinn. Taka þeir fram um burðarþolsteikningarnar, að um lítið útfærðar teikningar hafi verið að ræða, eins og tíðkast hefði hjá Byggingarstofnun landbúnaðarins. Þá kemur þar fram, að þegar í ljós kom, að burðargeta undirstöðu gæti verið léleg, að smíður hafi haft samband við burðarþolshönnuð. Ekkert skjalfest sé til um

það samtal. Í greinargerð segir, að sýnilegt sé beint samband milli sprungu-stækkunar og sigs og að undirstaðan sé lífrænt set, svo að búast megi við, að sig haldi áfram enn um sinn. Tillögur eru gerðar til úrbóta, og er m. a. lagt til, að reist verði nýtt haughús. Með bréfi, dagsettu 15. desember 1993, svaraði Leifur Kr. Jóhannesson framangreindu erindi stefnanda Árna, og segir þar m. a., að grunnur og staðarval séu aðalorsakir. Byggingarfulltrúi hafi væntanlega ákveðið byggingunni stað og verði að svara til um það, hvernig að því hafi verið staðið. Ekki verði séð, að lánastofnunin geti borið ábyrgð á mistökum eða göllum, sem hafi komið fram í téðri byggingu.

Þá er hér var komið, fór Ingvar Gýgjar Jónsson byggingarfulltrúi fram á það við umhverfisráðherra í bréfi, dagsettu 5. febrúar 1994, að hann léti fara fram opinbera rannsókn á göllum á byggingunni og framkvæmd hennar. Af því tilefni fór umhverfisráðuneytið fram á það með bréfi, dagsettu 14. febrúar sama ár, til skipulagsstjóra ríkisins, að embættið kannaði málið og forsendur fyrir frekari rannsóknum. Tekið var fram, að væntanlega væri það þáttur byggingarfulltrúaembættis og hlutverk byggingarfulltrúa, sem varpa skyldi ljósi á. Með bréfi, dagsettu 16. febrúar sama ár, beindi skipulagsstjóri því til byggingarfulltrúans, að hann tæki saman greinargerð um málið ásamt gögnum. Greinargerð byggingarfulltrúa er frá 12. apríl 1994, og var hún send Skipulagi ríkisins ásamt fylgiskjöllum og viðbótargreinargerð, sem dagsett er 2. maí 1994. Í greinargerð Skipulags ríkisins frá 13. júlí 1994 til umhverfisráðuneytisins kemur fram, að varla verði um það deilt, að vanmat á aðstæðum í burðarþolshönnun sé aðalorsök þess skaða, sem um væri að ræða. Ekki verði annað séð af fyrirliggjandi gögnum en byggingarfulltrúi og húsasmíðameistari hafi fullnægt skyldu sinni, er þeir vöktu athygli á áhyggjum sínum af grunni hússins. Því verði ekki komist hjá því að vísa ábyrgðinni á tjóninu á hendur útgefanda hönnunargagna eða Byggingarstofnun landbúnaðarins.

Í málinu hefur komið fram, að byggingarfulltrúi og húsasmíðameistari höfðu báðir samband við Sigurð Sigvaldason burðarþolshönnuð, þegar grafið var fyrir viðbyggingunni, vegna þess að þeir töldu grunninn vafasaman. Þeir hafi lýst aðstæðum fyrir honum og óskað eftir því, að hann kæmi á staðinn. Þetta kemur m. a. fram í framangreindri greinargerð byggingarfulltrúans frá 12. apríl 1994, í yfirlýsingu Ólafs Þorbergssonar húsasmíðameistara frá 14. apríl 1994 og í skýrslum þeirra þriggja fyrir dóminum, þ. e. Ingvars, Ólafs og Sigurðar. Byggingarfulltrúinn og húsasmíðameistarinn kváðust hafa sagt Sigurði, að í grunninum væri leirblandaður sandur, en Sigurður fullyrti fyrir dóminum, að þeir hefðu sagt, að í honum væri sandbotn. Um þetta er deilt í málinu. Þeim ber hins vegar saman um, að burðar-

þolshönnuðurinn hafi sagt þeim, að hann ætti þess ekki kost að koma á staðinn. Einnig hafi hann ekki talið þörf á breytingum á burðarþolsteikningum vegna jarðvegsins, og hafi hann lagt svo fyrir, að byggja ætti eftir upphaflegum teikningum. Ágreiningslaust er einnig í málinu, að burðarþolshönnuður kom hvorki á staðinn þá né hafði hann komið þangað fyrir þennan tíma.

Að beiðni stefnanda Árna Gíslasonar voru dómkvaddir matsmenn 31. janúar 1995 til að meta galla viðbyggingarinnar. Einnig var beiðið um mat á því, hvaða leiðir væru raunhæfar til úrbóta og hvaða kostnaður því samfara. Dómkvaddir voru í Héraðsdómi Norðurlands vestra til að vinna umbeiðið mat þeir Jón Örn Berndsen byggingarverkfræðingur og Bragi Þór Haraldsson byggingartæknifræðingur. Er matsgerð þeirra dagsett 10. ágúst 1995. Í henni kemur fram, að orsök skemmda á viðbyggingunni sé sig á hluta hennar, sem væntanlega hvíli á lífrænu silti. Gera megi ráð fyrir, að klöppin undir fjósinu sé brött og jökulsorfin eins og aðrar klappir þarna í kring. Farvegur Héraðsvatna sé um 20 m frá austurgaffli fjóssins, og trúlega sé siltið set úr framburði þeirra, eftir að síðustu ísöld lauk. Búast megi við, að sig á silti, þjöppuðu og rakamettuðu, sé nokkurt eða allmikið. Þjöppun á byggingarstigi hafi ekki verið nægjanleg til að ná þjöppun á svo fínkornóttu efni. Telja matsmenn, að uppdráttur Sigurðar Sigvaldasonar sé ekki fullnægjandi miðað við aðstæður í Eyhildarholti. Það er enn fremur mat matsmanna, að ekki sé unnt að lagfæra viðbygginguna. Búast megi við, að innan fárra ára þurfi að fjarlægja þann hluta viðbyggingarinnar, sem sígi.

Stefnendur leituðu yfirmats með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um dómkvaðningu yfirmatsmanna, sem dagsett er 25. júní 1996. Voru dómkvaddir sem yfirmatsmenn þeir Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari, Vífill Oddsson verkfræðingur og Freyr Jóhannesson byggingartæknifræðingur. Yfirmatsgerð var lögð fram í málinu 15. janúar 1997, og er hún dagsett 4. október 1996.

Fjárhæð bótakröfu stefnenda er reist á yfirmatsgerðinni, og er ekki deilt um fjárhæðir í því sambandi eða yfirmatið. Ekki er heldur deilt um aðild stefnda að málinu né að ófullnægjandi burðarþolshönnun sé aðalorsök tjónsins. Hins vegar er deilt um bótaábyrgð stefnda á tjóninu.

Málatilbúnaður stefnenda er studdur því, að tjónið verði rakið til sakar burðarþolshönnuðar viðbyggingarinnar, sem var starfsmaður Byggingarstofnunar landbúnaðarins á þeim tíma, sem hér um ræðir. Af hálfu stefnda er því andmælt, að um sök sé að ræða. Burðarþolshönnuðurinn hafi á allan hátt farið rétt að. Hann hafi hannað burðarþol í samræmi við aðstæður, sem hann hafi gert ráð fyrir, að þarna væru. Hann hafi einnig brugðist við á

réttan hátt og í samræmi við þær lýsingar á grunninum, sem hann hafi fengið frá þeim fagaðilum, sem voru á staðnum.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Bótakrafa stefnenda á hendur stefnda er byggð á því, að Byggingarstofnun landbúnaðarins hafi starfað undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins samkvæmt 63. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem hafi verið í gildi, þegar viðbyggingin við fjósið í Eyhildarholti var reist. Þrátt fyrir það að kafli laga nr. 45/1971 um Byggingarstofnun landbúnaðarins hafi verið felldur úr gildi með lögum nr. 41/1990 um Búnaðarmálasjóð, breyti það ekki réttarstöðu aðila, og því beri Stofnlánadeild landbúnaðarins ábyrgð á tjóninu, er starfsmenn Byggingarstofnunar landbúnaðarins hafi valdið í starfi sínu. Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, fari samkvæmt 2. gr. laga nr. 45/1971 með stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna sé stofnlánadeildin deild í bankanum.

Stefnendur styðja málatilbúnað sinn enn fremur því, að burðarþólsuppráttur Sigurðar Sigvaldasonar hafi verið ófullnægjandi. Þeir telja ótvírætt, að teikningar og undirbúningur þeirra hafi ekki svarað þeim kröfum, sem gera megi til vinnu sérfræðinga, er hanni burðarþól mannvirkja fyrir greiðslu, sérstaklega í ljósi þess lögskipaða verkefnis Byggingarstofnunar landbúnaðarins á þeim tíma að sjá bændum fyrir hentugum teikningum að mannvirkjum og húsum til sveita. Slíkar teikningar hafi aðeins verið heimilt að selja við sanngjörnu verði. Ábyrgð Stofnlánadeildar landbúnaðarins í þessu máli sé einkar mikil, þar sem hún hafi sjálf gert það að sérstöku skilyrði fyrir lánveitingu til stefnenda, að gerð byggingarinnar væri í samræmi við kröfur Byggingarstofnunar landbúnaðarins og samkvæmt uppráttum, sem hún samþykkti eða gerði sjálf. Því er haldið fram af hálfu stefnenda, að lánveitingin hafi verið alger forsenda þess, að stefnendur gætu ráðist í umræddar byggingarframkvæmdir.

Við blasi, að vanda verði til verks við gerð burðarþólshönnunar og hana verði að hafa góða og nákvæma, enda geti gallar á hönnuninni reynst hættulegir bæði mönnum og dýrum og þar að auki ónýtt þá byggingu, sem reist sé samkvæmt henni. Hönnuði beri að kanna burðargetu jarðvegs, sem byggja eigi á. Sé minnsti vafi um jarðvegsaðstæður, verði a. m. k. að krefjast þess, að einhver athugun fari fram.

Stefnendur telja, að það verði að meta burðarþólshönnuði sérstaklega til sakar, að honum hafi af frásögn hönnuðar byggingarnefndarteikningar mátt vera kunnugt um þær aðstæður á byggingarstað, sem gert hafi burð-

arþolsteikningarnar ófullkomnar, en auk þess hafi honum síðar verið bent á þær aðstæður og hann hvattur til að kynna sér þær nánar til að geta gefið frekari leiðbeiningar. Þeir, sem þar hafi átt hlut að máli, hafi lýst aðstæðum eftir bestu getu. Burðarþolshönnuður hafi ekki orðið við þessu, heldur hafi hann hvatt byggiendur til að halda áfram byggingarframkvæmdum.

Stefnendur telja, að þessi sjónarmið þeirra hafi verið staðfest bæði af Skipulagi ríkisins og í mati tveggja óvilhallra dómkvaddra matsmanna, enda renni fjölmörg gögn málsins stoðum undir þau. Enn fremur staðfesti hönnuðirnir sjálfir þessi sjónarmið í greinum, sem þeir hafi ritað í Búnaðarritið á árunum 1992 og 1993. Í greinum Magnúsar Sigsteinssonar komi m. a. fram, að nær helmingur verkefna hönnuðanna á vegum byggingarþjónustu Búnaðarfélags Íslands hafi fjallað um fjós og þá aðallega haughús og viðbyggingar við eldri fjós. Þar komi einnig fram, að nú séu stunduð þau vinnubrögð á vegum byggingarþjónustunnar að reyna að fara á sem flesta staði, þaðan sem beðið er um teikningar, og aðstæður þá granskoðaðar. Tekið sé fram, að þessar heimsóknir séu sérstaklega nauðsynlegar, þegar um viðbyggingar sé að ræða, til þess að unnt sé að mæla nákvæmlega upp núverandi hús og átta sig á aðstæðum á byggingarstað. Loks segi Magnús, að þeir Sigurður Sigvaldason hafi reynt að heimsækja flesta bændur, sem beðið hafi um teikningar hjá þeim. Sama komi fram í grein Sigurðar. Þar komi einnig fram, að slíkar vettvangskannanir séu nauðsynlegar, ef góð hönnun eigi að nást.

Stefnendur benda einnig á, að í greinargerð frá Sigurði Sigvaldasyni vegna matsmálsins frá 4. maí 1995 sé m. a. tekið fram, að áhugi eða skilningur á gerð góðra og nákvæmra burðarþolsteikninga hafi verið lítill hjá Byggingarstofnun landbúnaðarins, og hafi verið til þess ætlast, að kostnaður stofnunarinnar ykist sem minnst, þegar farið var að sinna burðarþolsmálum. Hönnun burðarþols viðbyggingar við fjós að Eyhildarholti hafi verið gerð á sama hátt og hundruð annarra teikninga á þessum árum. Teikningin hafi verið lítið útfærð og ekki gert ráð fyrir, að um undirstöðuvandamál væri að ræða, enda hafi því verið þannig farið í langflestum tilfellum. Í greinargerðinni viðurkenni hönnuðurinn, að eftir að byggingarframkvæmdir hófust, hafi smiðurinn hringt til sín og haft áhyggjur af grunnni undir framanverðri viðbyggingunni, sem hann hafi talið sandbotn. Hönnuðurinn taki fram, að sandur sé í flestum dæmum þolanlegt efni til grundunar og lítið sig í þjöppuðum og rakattuðum sandi. Einnig hafi mátt ætla, að ekki væri mjög djúpt á fast. Hönnuðurinn leggi áherslu á, að grunnrannsóknir og flóknar grundunaraðferðir séu dýrar.

Stefnendur vísa til almennu sakarreglunnar og eftir atvikum reglunnar

um húsbonðaábyrgð. Sök fyrirsvarsmanna jafngildi sök lögaðila, og sök annarra starfsmanna leiði til bótaábyrgðar á grundvelli reglunnar um húsbonðaábyrgð. Stefnendur skírskota jafnframt til laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, einkum 1. gr., 2. gr., 3. gr., 11. gr., 63. gr. og 67. gr., sbr. nú lög nr. 41/1990 um Búnaðarmálasjóð. Enn fremur vitna þeir til reglugerðar nr. 35/1986 um mjólk og mjólkurvörur. Krafa um vexti er reist á III. kafla laga nr. 25/1987, og málskostnaðarkrafan styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Krafa stefnda um sýknu er reist á því, að hönnuður burðarþolsteikninga hafi hagað sér rétt að öllu leyti. Eins og fram komi í greinargerð Sigurðar Sigvaldasonar frá 4. maí 1995, hafi það verið haft að leiðarljósi hjá Byggingarstofnun landbúnaðarins að gera byggingar til sveita eins ódýrar og mögulegt hafi verið, og sjálf teikningin hafi átt að kosta sem allra minnst. Hönnun á burðarþoli viðbyggingar við fjósið, sem hér um ræði, hafi verið gerð á sama hátt og hundruð annarra teikninga á þessum árum. Teikningin hafi verið lítið útfærð, og ekki hafi verið búist við, að um undirstöðuvandamál væri að ræða, enda hafi því verið þannig farið í langflestum tilfellum. Hönnuður burðarþols hafi ekki komið á staðinn. Þetta hafi byggingarfulltrúa og meisturum að byggingunni átt að vera ljóst. Haft hafi verið að leiðarljósi, að bændur fengju teikningar sem ódýrast, en stefnendum hafi aðeins verið gert að greiða 5.950 krónur fyrir teikningarnar, sem nemi um 15.000 krónum á verðlagi nú. Stefnendur geti ekki búist við að fá mjög nákvæmar og vel útfærðar teikningar gegn þessu væga gjaldi.

Burðarþolshönnuður viðurkenni, að húsasmíðameistari og byggingarfulltrúi hafi verið í sambandi við sig á þeim tíma, er framkvæmdir við grunninn voru hafnar. Hafi þeir haft áhyggjur af honum, en lýst aðstæðum þannig, að um sandbotn væri að ræða. Í ljósi þeirra upplýsinga hafi hann ekki talið ástæðu til að breyta burðarþolsteikningum og talið óhætt að halda framkvæmdum áfram. Burðarþolshönnuður, sem aldrei hafi komið á staðinn, hafi mátt treysta því, að fagmenn á staðnum mætu ástand grunnsins rétt. Lýsingar stefnenda í stefnu á því, sem fram hafi átt að fara á milli burðarþolshönnuðar annars vegar og húsasmíðameistara og byggingarfulltrúa hins vegar, séu stórlega ýktar. Því er mótmælt, að húsasmíðameistari og byggingarfulltrúi hafi lýst aðstæðum í grunninum mjög ýtarlega og oft fyrir burðarþolshönnuði, en hann látið varnaðarorðin sem vind um eyru þjóta og beinlínis hvatt þá til að halda framkvæmdum áfram með óbreyttum teikningum. Þessar fullyrðingar stefnenda séu rangar og ósannaðar.

Stefndi bendir á, að ekki verði séð af gögnum málsins, að úttekt hafi farið fram á grunninum, eins og lög og reglur geri ráð fyrir.

Um þá málsástæðu stefnenda, að ábyrgð stefnda sé einkar mikil, þar sem stefndi hafi sjálfur gert það að skilyrði fyrir lánveitingu, að gerð byggingarinnar væri í samræmi við kröfur Byggingarstofnunar landbúnaðarins, segir stefndi, að stefnendur hafi hafið framkvæmdir, áður en lánsbeiðni þeirra hafi verið afgreidd 24. október 1986. Og af gögnum málsins verði ekki annað séð en að framkvæmdir hafi verið á lokastigi, þegar lánsbeiðnin hafi verið samþykkt í apríl 1987. Þá er einnig bent á, að í a-lið 67. gr. laga nr. 45/1971 sé beinlínis kveðið á um, að eitt af verkefnum Byggingarstofnunar landbúnaðarins sé að samþykkja uppdrátti að þeim mannvirkjum, sem lán séu veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu stefnda, að ábyrgðin hvíldi einkum á þeim, sem annast hafi byggingarframkvæmdir. Þeir hafi verið á staðnum og því átt að bregðast við þeim aðstæðum, sem upp komu við framkvæmdirnar. Þeir hafi átt að stöðva framkvæmdir og láta fara fram viðeigandi athuganir vegna jarðvegsins.

Um lagarök vísar stefndi til almennra og ólögfesta reglna skaðabótaréttar um sakarreglu og byggingarlög nr. 54/1978 og reglugerð samkvæmt þeim nr. 272/1979.

Niðurstaða.

Tjón stefnenda, sem hér um ræðir, verður rakið til rangrar burðarþols-hönnunar og ónógrar ráðgjafar, sem starfsmaður Byggingarstofnunar landbúnaðarins lét í té.

Í lögum nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins voru í gildi á þeim tíma, sem hér um ræðir, ákvæði í 67. og 68. gr. um starfssvið Byggingarstofnunar landbúnaðarins og heimild til gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Í 67. gr. kemur m. a. fram, að stofnuninni var ætlað að svara háleitum markmiðum, og átti hún m. a. að stuðla að framþróun í byggingu landbúnaðarmannvirkja og vera til umsagnar um gerð þeirra. Gjaldtaka fyrir veitta þjónustu skyldi vera væg, sbr. 68. gr. laganna, en kostnaður af rekstri stofnunarinnar skyldi greiddur af Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. 70. gr. s. 1. Því skiptir ekki máli fyrir gæði þjónustunnar, þótt gjaldtaka fyrir hana hafi verið væg. Þótt stefndi beri því við, að einungis hafi verið um ódýrar teikningar að ræða, telur dómurinn, að teikningar og ráðgjöf þeim tengd verði að fullnægja tilgangi sínum um að vera forsögn um gerð mannvirkis. Gallarnir, sem fram hafa komið á viðbyggingunni í Eyhildarholti, sýna, að burðarþolsteikningar og sú ráðgjöf, sem veitt var, svöruðu ekki tilgangi sínum. Dómurinn hafnar því fram komnum röksemdum stefnda að þessu leyti.

Þá hefur komið fram í málinu, að burðarþolshönnuðurinn var ókunnugur staðhátum í Eyhildarholti. Í framburði hans fyrir dóminum kom m. a. fram, að hann vissi lítið sem ekkert um jarðveg á þessum slóðum. Einnig kom fram í framburði hans, að hann notaði staðlaðar teikningar, sem voru á engan hátt miðaðar við þá byggingu, sem til stóð að reisa í Eyhildarholti. Þegar upp komu vandamál, eftir að grunnur var tekinn, og haft var samband við burðarþolshönnuðinn, lét hann hjá líða að kanna nánar, hvernig rétt væri að bregðast við þeim. Sjálfur hefur hann borið fyrir dóminum, að hann hafi ekki talið ástæðu til að breyta burðarþolsteikningum, þar sem sér hafi verið tjáð, að í grunninum væri sandbotn. Hann vissi þó, að eldra fjósið stóð á klöpp, eins og fram kom í framburði hans fyrir dóminum. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að byggingarfulltrúi og byggingarmeistari hafi brugðist rétt við, þegar þeir höfðu samband við burðarþolshönnuð til að fá viðeigandi ráðleggingar. Frekari ábyrgð verður ekki lögð þeim á herðar. Því telur dómurinn, að tjón stefnenda verði eindregið rakið til framangreindrar vanrækslu og aðgæsluleysis burðarþolshönnuðar viðbyggingarinnar í Eyhildarholti, sem þá var starfsmaður Byggingarstofnunar landbúnaðarins.

Bótakrafa stefnenda, sem er að öðru leyti óumdeild, verður því tekin til greina. Einnig verður tekin til greina dráttarvaxtakrafa stefnenda, en henni er ekki mótmælt.

Stefnendur hafa gjafsókn í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dagsettu 8. nóvember 1994. Gjafsóknarkostnaður þeirra greiðist úr ríkissjóði, samtals 2.562.857 krónur, þar með talin þóknun talsmanns þeirra, Ragnars Tómasar Árnasonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 1.134.195 krónur, en útlagður kostnaður er samtals 1.428.662 krónur. Virðisaukaskattur er innifalinn í framangreindum fjárhæðum. Rétt þykir með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, að stefndi greiði málskostnað stefnenda, og greiðist hann í ríkissjóð, samtals 2.562.857 krónur.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Kristinn Eiríksson verkfræðingur og Sæbjörn Kristjánsson byggingartæknifræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, greiði stefnendum, Árna Gíslasyni, Erlendi Helga Árnasyni, Guðrúnu Eyhildi Árnadóttur og Sveini Árnasyni, 8.900.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 27. júní 1996 til greiðsludags, en dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. júní 1997.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, samtals 2.562.857 krónur, þar með talin þóknun talsmanns þeirra, Ragnars Tómasar Árnasonar hdl., 1.134.195 krónur, sem er ákveðin með virðisaukaskatti. Stefndi greiði málskostnað stefnenda í ríkissjóð, samtals 2.562.857 krónur.
